



Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2009

**Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

**Almennar athugasemdir**

FNS telur mikilvægt á þessum tímamótum að í lögum um framhaldsfræðslu og framhaldsskóla séu skilgreind skýrar þau viðmið sem liggja eigi til grundvallar faglegri náms- og starfsráðgjöf og að löggin endurspegli þá miklu áherslu sem er á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar.

1. Ný lög um náms- og starfsráðgjafa voru samþykkt á Alþingi 30. mars síðastliðinn. Þar er starfsheitið náms- og starfsráðgjafi lögverndað. Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafa byggir á sérhæfðri menntun þeirra. Fagleg náms- og starfsráðgjöf felst m.a. í því að efla færni og víkka sjóndeildarhring ráðþega með tilliti til náms og starfs. Ráðþegar verða þannig betur í stakk búnir til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggja á áhugasviðum þeirra, gildum og viðhorfum og öðlast færni í að leita upplýsinga um nám og störf.

2. Aukin fagleg náms- og starfsráðgjöf við fullorðna kallar á **heildarstefnumörkun menntamálaýfirvalda varðandi þjónustu náms- og starfsráðgjafa**. Við þá stefnumörkun er mikilvægt að Íslendingar séu virkir þátttakendur í stefnumótunarvinnu í náms- og



starfsráðgjöf sem á sér stað á vegum Evrópusambandsins og OECD. Í því skyni hefur nú verið komið á fót landsneti í stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf sem er ætlað að samhæfa aðgerðir og tengjast í virku samstarfi þeirri vinnu sem fer fram á vegum ESB.

Einstaklingar taka ákvarðanir um nám og störf út frá þeim upplýsingum sem þeir hafa aðgang að en hér á landi skortir hlutlausar upplýsingar í aðgengilegu upplýsingakerfi. Í löndum hins vestræna heims hafa stjórnvöld komið á fót slíku kerfi þar sem fram koma upplýsingar um menntunarleiðir og starfslýsingar ásamt mannaflaspám, upplýsingum um laun og menntunarkröfur starfa. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld komi á sambærilegu upplýsingakerfi. Auk þess vantar námsefni í náms- og starfsfræðslu og afar fá tölvuforrit eru til sem nýtast í náms- og starfsráðgjöf og fræðslu. Á þessu sviði stöndum við einnig nágrannaþjóðum okkar langt að baki.

Í frumvarpinu kemur fram að þeir sem hafi stutta formlega skólagöngu og kjósi að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eigi rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Þessi áform kalla tvímælalaust á aukna náms- og starfsráðgjöf á vegum viðurkenndra fræðsluaðila í tengslum við framkvæmd raunfærnimats sem og vegna fyrirsjáanlega aukinnar aðsóknar fullorðinna í nám í kjölfar raunfærnimats. Frumvarpið kemur inn á að í nýju kerfi, sem bjóði enn frekar en áður marga valkosti, þá sé efling náms- og starfsráðgjafar óhjákvæmileg.

3. Náms- og starfsráðgjöf er nauðsynlegur þáttur í allri framhaldsfræðslu því það einkennir fullorðna í námi að þeir vilja taka ákvarðanir um nám út frá eigin áhuga og aðstæðum. Fram kemur í frumvarpi til laga um framhaldsfræðslu að menntunarstig hér á landi sé lágt í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að framlög til menntamála hafi vaxið mjög hratt síðustu árin og að hlutfall þeirra sem lokið hafi námi á framhaldsskólastigi hafi aukist mun hægar hér á landi en erlendis.

Líta má á störf náms- og starfsráðgjafa sem fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðli að því að einstaklingurinn njóti sín í námi og starfi. Mikið brottfall úr framhaldsskólum hér á landi er vísbending um að brýn þörf sé fyrir aukna náms- og starfsráðgjöf. Miklu skiptir að í skólunum sjálfum sé öflug náms- og starfsráðgjöf en hún þarf líka að vera til að staðar utan skólanna. Mikilvægt er í þessu sambandi að huga að hópum í samfélaginu sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi, t.d. atvinnulausu ungu fólki, en einnig öðru ungu fólki sem ekki tengist skóla og hefur flosnað upp úr námi af ýmsum ástæðum eða hyggur á frekara nám.

## Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

### 8. gr.


#### Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf

FNS telur að tryggja þurfi að sérstaða náms- og starfsráðgjafar skili sér að fullu inn í skipulagða framhaldsfræðslu á vegum viðurkenndra fræðsluaðila. Með lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er tryggt að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í atvinnulífið og framhaldsskólann, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskylda menntun og fagþekkingu.

FNS vill að lokum fagna því sem kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu að bundið skuli í lög að ríkið styrki námskeiðahald og náms- og starfsráðgjöf fjárhagslega. Um er að ræða áherslur sem kalla á aukna náms- og starfsráðgjöf. Þó er ekki tryggt að um verði að ræða aukið stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa í samræmi við fjölda ráðþega.

Fagstétt náms- og starfsráðgjafa er ung, fagmenntun til diplómu hófst 1990 og 2004 hófst kennsla til MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þrátt fyrir ungan aldur stéttarinnar hefur stöðum náms- og starfsráðgjafa fjölgað ört í öllu fræðslukerfinu. Nú má áætla að í grunn- og framhaldsskólum starfi um 150 náms- og starfsráðgjafar, í háskólum um 15 náms- og starfsráðgjafar og á vinnumálastofnunum og símenntunarstöðvum um 20 náms- og starfsráðgjafar. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er viðurkenning á mikilvægi starfa náms- og starfsráðgjafa og ætti að ýta undir að störf þeirra verði eflað og samræmd með stefnumótun í ætt við það sem gerist í okkar nágrannalöndum.

f.h. Félags náms- og starfsráðgjafa

  
Björg Kristjánsdóttir, formaður